

Tailwind ehf
Lyngás 14
210 Garðabær

Reykjavík, 4. september 2024
UST202408-248/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til viðburðarhalds innan friðlýstra svæða

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Tailwind ehf., dagsett, 28. ágúst 2024, um leyfi fyrir hlaupaviðburði innan friðlýstu svæðana Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá, Vífilstaðarvatns og Reykjanesfólkvang.

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsingu nr. 687/2020. Óheimilt er að hrófla við, raska eða skemma jarðmyndanir innan náttúruvættisins nema til komi sérstakt leyfi frá Umhverfisstofnun og Garðabæ. Notkun fjarðstýrða loftfara er óheimil innan náttúruvættisins nema með fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á jarðrask, aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds. Innan friðhelgunarsvæða menningarmínja þarf einnig að afla leyfis Minjastofnunar Íslands.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Vífilstaðavatn er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 1064/2007. Óheimilt er að spilla náttúrulegu gróðurfari, trufla og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúruminum í friðlandinu. Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, svo og breytingar á rennsli vatns og vatnsborðshæð, eru óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar og bæjarstjórn Garðabæjar.

Lýsing verkefnis:

Kort sem sýna hlaupaleiðirnar í gegnum Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá, Vífilstaðarvatns og Reykjanesfólkvang fylgdu með umsókn. Um er að ræða tvær vegalengdir 10 og 29 km. Aðeins 29 km leiðin færi í gegnum Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá og Reykjanesfólkvang. Í heildina er gert ráð fyrir að allt að 650 manns taki þátt í hlaupakeppninni. Hlaupaleiðirnar, munu eingöngu fylgja merktum stígum eða vegum, verða merktar með keilum, fánum og borðum. Allar merkingar verða fjarlægðar þegar seinasti hlauparinn hefur farið hjá. Að hlaupinu kæmu 6-8 starfsmenn innan friðlýstu svæðana. Ræsing, endamark og önnur aðstaða verður staðsett utan friðlýstra svæða. Hlaupið færi fram 14. september 2024 milli kl 10:00 og 15:00.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að verkefnið muni hafa tímabundin neikvæð áhrif á svæðið en hægt sé að takmarka þau sé farið eftir skilyrðum leyfisins. Tímabundin truflun verður fyrir gesti á svæðinu á meðan hlaupið stendur yfir. Hætta er á að stígar á svæðunum geti látið á sjá í mikilli umferð fólks um svæðið þegar rignir mikið. Umhverfisstofnun hefur staðið að viðhaldi gönguleiða í Búrfellsgjá undanfarin ár og það mat stofnunarinnar að gönguleiðin þoli álagið sem hlaupinu fylgir að upphafi Kaldárselsleiðar sé ekki mikil úrkoma þegar hlaup fer fram.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun metur út frá upplýsingum umsækjanda og þeim reglum sem gilda um Reykjanesfólkvang og Vífilstaðarvatn sbr. auglýsing um friðlýsingu að verkefnið sé ekki leyfisskylt af hálfu stofnunarinnar innan svæðisins.

Umhverfisstofnun veitir Tailwind ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir hlaupaviðburðinum innan Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá sbr. lýsingu hér að ofan þann 14. september að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Stjórnendur viðburðarins skili til Umhverfisstofnunar, a.m.k. viku áður en keppni hefst, áætlun um það hvernig staðið verði að framkvæmd keppinnar. Í áætlun skal m.a. koma fram, fjöldi þátttakenda, hvernig þátttakendum og starfsmönnum er komið á staðinn og hvernig staðið verði að frágangi að viðburði loknum.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- A.m.k. sólahring áður en keppnin hefst skal koma fyrir merkingum við upphaf og endastöð hlaupsins/keppnisleiðar þar sem gestir svæðisins eru upplýstir um fyrirhugað hlaup/keppnishald.
- Hámarksfjöldi þátttakenda í hlaupinu/keppninni verði ekki meiri en 650 manns.
- Upplýsa skal ljósmyndara og aðra sem koma á svæðið til að fylgjast með keppninni að óheimilt sé að fara út fyrir göngustíga og vísa þeim á góða ljósmyndatökustaði í samráði við landverði
- Aðstandendur viðburðarins tryggji að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi. Einnig að tryggt verði að merkingar sem notaðar verða við að merkja hlaupaleiðina verði fjarlægðar strax að viðburði loknum og skemmdir á gróðri, ef einhverjar verða, lagfærðar.
- Þátttakendur taki tillit til annara gesta svæðisins á þeim stígum sem viðburðurinn fer fram.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

- Þátttakendur og starfsmenn hlaupsins haldi sig á gönguleið innan friðlýstu svæðana. Stjórnendur hlaupsins skulu upplýsa þátttakendur um mikilvægi þess að halda sig á gönguleiðum til að koma í veg fyrir rask á viðkvæmum gróðri meðfram keppnisleiðinni.
- Allur akstur utan vega er óheimill.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélagana Garðabæjar og Hafnarfjarðar þarf fyrir verkefninu auk stjórnar Reykjanesfólkvangs og Skógræktarfélags Reykjavíkur

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi, viðburði, rannsóknir og athafnir er kr. **62.400.** sbr. 29. gr. a. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

René Biasone
svæðissérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur